


Kæri íbúi Voga,

Nú stendur yfir undirbúningur vegna hugsanlegs álvers í Helguvík. Á næstunni verða teknar ákvarðanir um hvernig orkuflutningum skuli háttað. ***Kortið á bakhlið þessa bréfs sýnir frumhugmyndir Landsnets í þeim efnum.*** *Eins og sjá má yrðu háspennulínurnar að verulegu leyti í landi Voga.*


Náttúra Reykjanesskagans er einstök á heimsvísu, í skaganum liggja einstök tækifæri til ferðaþjónustu og útivistar. ***Þar eiga íbúar í Vogum sannkallaða náttúruperlu í bakgarðinum.*** *Myndinni hér til hliðar er ætlað að tjá upplifun náttúruunnenda ef áformin ná óhindruð fram að ganga.*

Tekjur af hugsanlegu álveri í Helguvík myndu renna í sjóði Garðs og Reykjanesbæjar. ***Náttúruspjöllin og umhverfisraskið yrðu hinsvegar að mestu leyti í öðrum sveitarfélögum Reykjanesskagans.*** *Ekki síst í Vogum.*

Sandgerðingar höfnuðu háspennulínum *um Stafnes og Ósabotna, m.a. vegna þess að þær myndu rýra gildi svæðisins og minnka möguleika sveitarfélagsins til fjölbreyttrar nýtingar. Í kjölfarið var ákveðið að leggja jarðstreng frá Fitjum til Helguvíkur, þrátt fyrir að áður hafi talsmenn framkvæmdanna haldið því fram að jarðstrengur uppfylli ekki kröfur álvers um afhendingaröryggi.*

Það er hóflegt og málefnalegt að ætlast til þess að umhverfisraski sé haldið í lágmarki ef til þess kemur að álver rísi í Helguvík. Sól á Suðurnesjum hvetur íbúa í Vogum til þess að verja hagsmuni sína og hafna háspennulínum líkt og sandgerðingar hafa þegar gert.

Sumarkveðja frá Sól á Suðurnesjum*.*



***Sandgerðingar höfnuðu háspennulínum um Stafnes og Ósabotna**, m.a. vegna þess að þær myndu rýra gildi svæðisins og minnka möguleika sveitarfélagsins til fjölbreyttrar nýtingar. Í kjölfarið var ákveðið að leggja jarðstreng frá Fitjum til Helguvíkur, þrátt fyrir að áður hafi talsmenn framkvæmdanna haldið því fram að jarðstrengur uppfylli ekki kröfu álvers um afhendingaröryggi.*

Sól á Suðurnesjum hvetur íbúa í Vogum til þess að verja hagsmuni sína og hafna háspennulínum líkt og sandgerðingar hafa þegar gert.